

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga  
og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.**

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2014 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum, skal vera sem hér segir, skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2014 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 6,7% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2014. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2014, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 18. desember 2014.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2014